


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS 202 Fjarkennsla Kennsluáætlun vorönn 2015	
Síða 1 af 2		

Kennari	Guðjón Ólafsson	Sk.st.	GÓL
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Lestur almennra og sérhæfðra texta. Lesinn óstytur bókmenntatexti og verkefni unnin í tengslum við hann. Rifjuð er upp málfræði ENS 102 og bætt við eftir því sem tilefni er til. Unnið með orðabók þar sem það á við. Áhersla lögð á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga. Námsmat byggist á kaflaprófum, ritunarverkefnum, verkefnum úr smásögum og lokaprófi.

Kennslan fer öll fram í gegnum tölvu. Allir lestextar, æfingar og annað sem nemendur þurfa að skoða, nema ein skáldsaga, verður sett á Moodle vefumhverfi. Nemendur þurfa að hafa nýlegan vefskoðara, t.d. Mozilla Firefox eða Google Chrome, í tölvum sínum.

Námsgögn:

Kennslugögn eru alfarið hýst á Moodle vefumsjónarkerfinu. Það skiptist í þessa þætti:

- Leskaflar með ýmsum gagnvirkum æfingum
- Ensk málfræði
- Ensk málnotkun
- Stílar og þýðingar
- Skáldsaga: *Holes* eftir Louis Sachar — fæst í flestum bókabúðum, en einnig er hægt að fá bæði bók, rafbók (Kindle), hljóðbók og kvikmynd á Amazon.co.uk.

Áætlun um yfirferð:


Námsefni annarinnar er skipt í tólf hluta, einn fyrir hverja viku. Námsefni er sett fyrir einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) og fylgir því leiðbeiningabréf, venjulega sett fram í News Forum undir Course Information, þar sem greint er frá því, hvaða efni skuli unnið og hvernig. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Dragist skil fram yfir þann tíma, án þess að fullnægjandi skýring sé gefin, er hugsanlegt að svo verði litið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi.

Próf:

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn, en í fyrri hluta maí á vorönn. Próftafla fjarkennsluáfanga verður birt með hæfilegum fyrirvara á hverri önn.

ATHUGAÐU! Komi til þess að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi sem greitt er til Verkmenntaskólans á Akureyri.

Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin ásamt einkunn er send nemanda í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ENS 202 Fjarkennsla Kennsluáætlun vorönn 2015	

Vægi einkunna í áfanganum

Á önninni fá nemendur eina annareinkunn samkvæmt skólareglum. Þessi annareinkunn er samsett úr þessum einkunnum:

Annarprófið:	60%
Fimm Moodle verkefni úr <i>Holes</i> (3% hvert) og eitt ritunarverkefni (5%)	20%
Aðrar æfingar og verkefni á Moodle, öll jafngild:	20%
Samtals:	100%

Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í annareinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að aðrar einkunnir en prófseinkunn reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn nái einkunninni 5 á lokaprófi.

Efnisskipting:

Week	Lesson	Grammar	Other	Short Stories
1	All Aboard for a Ride into Terror	Present Perfect Simple		
2	My First Bike	Present Perfect Continuous	Idioms 1	
3	The Computer and its Uses	Past Perfect Simple	Translation 1	"Lamb to the Slaughter"
4	Here Come the Alpha Pups	Past Perfect Continuous	Idioms 2	
5	Run for Your Life	Direct and Reported Speech	Translation 2	Quiz from "Lamb to the Slaughter"
6	Lottery Winner	Reported Speech and Reported Questions	Idioms 3	"The Secret Life of Walter Mitty"
7	How I Combat Stress	Modal Verbs - introduction	Translation 3	
8	Travelling in London	Modal Verbs - ability and permission	Idioms 4	Quiz from "The Secret Life of Walter Mitty"
9	Irish Stew	Modal Verbs - obligation and necessity	Translation 4	"The First Seven Years"
10	Getting There	Modal Verbs -possibility, probability, and deduction	Idioms 5	
11	Living Conditions	Prepositions of Place and Movement	Translation 5	Quiz from "The First Seven Years"
12	Five Young Actors	Prepositions of Time		

Réttur til breytinga er áskilinn. Ef til þess kemur, verður gerð grein fyrir þeim í bréfi til nemenda.

Dagsetning: 27. jan. 2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils